

Fjarðabyggð
Óttar Guðmundsson
Hafnargata 2
730 Fjarðabyggð



Reykjavík, 13. nóvember 2008
Tilvísun: UST20080700013/ksj

Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007 - 2027

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Fjarðabyggðar er barst 30.júní sl. og aftur 7. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007 – 2027. Erindinu fylgja uppdrættir og umhverfisskýrsla/greinargerð sem eru vönduð að allri gerð.

Náttúra

Í kafla aðalskipulagstillögunnar kemur fram stefna skipulagstillögunnar varðandi landslag og náttúruferir. Umhverfisstofnun tekur undir það að svæði á náttúruminjaskrá skulu hverfisvernduð og stefnuna að öðru leyti.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við Aðalskipulagstillöguna.

Efnistaka og vinnsla

Umhverfisstofnun gerir athugasemdir við kaflann í greinargerð um efnistöku og vinnslu, framfylgd stefnu. Þar segir: „*Efnitaka getur farið fram á svæðum sem skilgreind eru sem efnistökusvæði í aðalskipulaginu. Jafnframt er unnt að óska leyfis til efnistöku úr árfarvegum og úr sjó (innan netlaga), án þess að þau svæði hafi verið auðkennd sem efnistökusvæði í aðalskipulaginu.*” Umhverfisstofnun bendir á að ef efnistökusvæði er ekki inni á samþykktu aðalskipulagi, er hlutaðeigandi sveitastjórn óheimilt samkvæmt 2. mgr. 47. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir en að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar. Leyfi fyrir efnistöku úr árfarvegum þarf að fá hjá embætti Veiðimálastjóra.

Byggðamynstur og bæjarmynd í þéttbýli

Í kaflanum um forsendur kemur m.a. fram að tengsl þéttbýlisstaða við náttúru séu sterk. Síðan segir : „*Í fjallshlíðunum eru möguleikar á frekari gróðursetningu til að skapa skjólrík útvistarsvæði.*“ Mikilvægt er að fram komi hvaða tegundir eru ætlaðar til skógræktar í hlíðum. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er óheimilt að rækta útlendar tegundir alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó.

Efnistökusvæði

Í umfjöllun um einstök efnistökusvæði er fjallað um stærð efnistökusvæða. Þar segir: „Stærð efnistökusvæða er ekki ákvörðuð í aðalskipulagi þessu.“ Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt grein 4.9 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 skal gera grein fyrir stærð efnistökusvæða en þar segir: „Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir þeim svæðum þar sem fram fer og fyrirhuguð er efnistaka. Efnistökusvæði utan þéttbýlisstaða skulu sýnd á sveitarfélagsuppdrætti en efnistökusvæði innan þéttbýlis á þéttbýlisuppdráttum aðalskipulags. Gera skal grein fyrir staðsetningu og stærð svæðanna og öðru sem þurfa þykir.“


Þar af leiðandi á stærð efnistökusvæða innan Fjarðarbyggðar að koma fram í töflu bls. 66 þar sem er listi yfir öll efnistökusvæði sem nota á gildistíma aðalskipulagsins. Einnig mætti koma fram áætluð efnistaka á skipulagstímabilinu og gerð efnis sem áætlað er að nýta úr viðkomandi námu


Opin svæði til sérstakra nota.

Í kaflanum um opin svæði til sérstakra nota er fjallað um hlíðar ofan byggðar, lækjarfarvegi og gil, fjörur og strandsvæði. Þar kemur fram að: „Gróðursetning trjáa og lággróðurs verði framhaldið í hlíðum ofan bæjarins.“ Umhverfisstofnun bendir á framangreinda athugasemd um að í 500 metra hæð yfir sjó er óheimilt að rækta og dreifa útlendum plöntutegundum.

Umhverfisstofnun biðst velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Helgi Jónsson
Ráðgjafi

Skipulagsstofnun

Alta